

ÁSTRÁÐUR EYSTEINSSON

Jakobínuvegir

Tími, þjóð og dvalarstaðir
í verkum Jakobínu Sigurðardóttur

Erfitt er að hrista af sér þá kennd að eitthvað sé magnað og ævintýralegt við það að stúlka sem óx úr grasi í einangraðri sveit á Hornströndum – stað sem gæti virst alger andstæða þess umhverfis og þeirra aðstæðna sem oft eru kenndar við *nútíma* – ætti eftir að standa í fremstu röð þeirra höfunda sem endurnýjuðu íslenska sagnagerð á sjöunda og áttunda áratug 20. aldar.

Í endurminningabókinni *Í barndómi* hverfur Jakobína Sigurðardóttir (1918-1994) aftur í gamla bæinn í Hælavík þar sem hún fæddist og ólst upp. Hún segir frá „Borðinu“, með stórum upphafsstaf, enda er það „ekkert venjulegt borð. Það er skápur með dýrgripum, bókum. Ofan á honum er borð, hvít hefluð timburplata sem stendur út af honum á þrjá vegu, svo hægt er að sitja við það.“ Á Borðinu stendur „týran hennar mömmu að nóttunni“, en það þarf að spara olíuna og ósjaldan saknar dóttirin týr-unnar þegar hún liggur andvaka, „stundum vegna myrkfælni og ofsafenginna mynda hugarflugsins, stundum langar mig að skrifa eitthvað sem ég ímynda mér að sé skáldskapur. Eða lesa bók, hálflesna bók.“ Í frásögninni kveikir síðan minnið á birtunni:

Ég geng út að glugganum milli rúms mömmu og Borðsins, útsýnisglugganum til hafsins, til heimsins langt í burtu frá þessari vík, sem mér er stundum svo óskiljanlega aðkreppt og einangruð. Ef ekki væri víðátta þessa síbreytilega hafs, eins og opinn endalaus veraldarfaðmur, nei ekki hugsa um slíkt, ekki á þessari stundu. [...] Ofan við gluggann er hillan með forboðnu bókunum hans pabba, bókum sem börn mega ekki lesa, ekki snerta.

Stúlkan laumast vitaskuld í þær bækur. Meðal bannaðra sagna eru *Vesalingarnir* eftir Victor Hugo, meðanmálssaga í *Lögréttu*, sem hún finnur vafða í stranga milli sperru og súðar yfir rúmstæði föður síns. Þá sögu les hún „standandi uppi í rúmi hans meðan hann er fjarverandi“.¹

Jakobínu bregst ekki bogalistin þegar hún töfrar fram þessa sviðsmynd úr bernsku: borðplatan hvílir á bókaskáp; til hliðar við hann er gluggi út í heiminn og yfir honum bókahilla. Þarna á hjara veraldar – í strandbyggð sem á sér langa sögu – eru semsé ýmsir ljórar og týrur, meðal annars leynist undir súð þýtt verk úr heimsbókmenntunum, saga sem stúlkan les, á stolinni stund, standandi í rúmi pabba síns. Þessi ljóslifandi mynd fer langleiðina að skýra hvernig kviknar sá draumur stúlkunnar að eiga sér framtíð sem skáld og rithöfundur. Sú leið var þó ekki auðfarin, úr harðbýlli sveit og barnmargri fjölskyldu, og sérstaklega ekki þegar skáldið í vændum er kona. Í inngangsgrein bókarinnar *Draumur um veruleika*, sem geymir sögur um og eftir konur, segir Helga Kress það hafa verið „einkennandi fyrir kvenrithöfunda hve seint þær byrja að skrifa fyrir alvöru. Margar ekki fyrir en um miðjan aldur þegar börnin eru uppkomin og mesti heimiliserillinn liðinn hjá. Fyrsta bók Jakobínu Sigurðardóttur kom út þegar hún var rúmlega fertug.“² Raunar kann að vera erfitt að finna skýrara dæmi um slíkar aðstæður kvenna fyrir á tíð en þá mynd sem Jakobína birtir í bernskuminningum sínum af sístarfandi móður sinni, sem einnig vann á meðan aðrir borðuðu og á meðan aðrir sváfu – slíkur er „kvennatíminn“. Sjálf átti Jakobína um alltorsóttan veg að fara uns hún eignaðist tíma og rými til að sinna sköpunargáfum sínum. Í erindi sem flutt var á Jakobínuvöku síðastliðið sumar, í tilefni af aldarafmæli skáldsins, veitti dóttir Jakobínu, Sigríður K. Þorgrímsdóttir, tilheyrendum innsýn í þessa langferð móður sinnar, frá draumi stúlkunnar til veruleika rithöfundarins.³ Leiðin lá til borgarinnar

¹ Jakobína Sigurðardóttir, *Í barndómi*, Reykjavík: Mál og menning, 1994, bls. 11–12.

² Helga Kress, „Um konur og bókmenntir“, *Draumur um veruleika. Íslenskar sögur um og eftir konur*, ritstj. Helga Kress, Reykjavík: Mál og menning, 1977, bls. 13. Sbr. einnig grein Helgu, „Listsköpun kvenna: Bókmenntir“, *Konur hvað nú? Staða íslenskra kvenna í kjölfar kvennaárs og kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna 1975–1985*, ritstj. Jónína Margrét Guðnadóttir, Reykjavík: '85-nefndin og Jafnréttisráð, 1985, bls. 193–212, sjá bls. 204–207.

³ Sigríður K. Þorgrímsdóttir, „Heimsókn gyðjunnar. Saga skáldkonu“. Erindi flutt á Jakobínuvöku í Iðnó, Reykjavík, 25. ágúst 2018. Sigríður vinnur nú að bók um þetta efni og byggir þar m.a. á bréfum Jakobínu. Þess má geta að grein mín byggir á erindi sem ég hélt á þessari sömu Jakobínuvöku og þakka ég Sigríði fyrir að bjóða mér að taka þátt í henni.

sem var í móttun við Faxaflóa en síðar í búskap norður í Mývatnssveit þar sem henni gafst með tímanum svigrúm til ritstarfa. En þessi unga kona var vakandi fyrir ytri sjónaugum og því markaðist brautin einnig af heimi styrjaldar og síðan kalda stríðsins með áframhaldandi vopnaskaki og gríðarlega misskiptum veraldargæðum, og jafnframt lá vegurinn með sínum hætti um hugarheima skáldkonunnar sem í skrifum sínum byggði á félagslegri samkennd en leitaði jafnframt nýrra leiða til að miðla sýn sinni á veruleikann.

Í þeirri grein sem hér fer verður ekki fjallað um æviferil Jakobínu, en nú þegar öld er liðin frá fæðingu þessa merka skálds er full ástæða til að staldra við bækur hennar, sem urðu tíu talsins á 35 árum, endurlesa þær og líta rannsakandi augum á nokkrar vörður í höfundarverkinu.⁴ Vera kann að á merkisafnmæli íslensks fullveldis reynist skáldkonan, jafnaldra þess, einmitt markverður förunautur um svið og skeið gríðarlegra breytinga í samfélaginu á liðinni öld. Það er engin goðgá að segja að ritverk Jakobínu séu unnin úr heilli fylkingu andstæðna: togstreitu sögu og nútíma, sveitar og borgar, karla og kvenna, hefðar og nýbreytni, raunsæis og móðernisma, rómantíkur og jarðbundinnar kaldhæðni, pólitíkur og skáldskapar, hugsjóna og félagslegs veruleika. Þessir átakafletir móta margháttaða samræðu Jakobínu við samfélag sitt.

Klefinn og fólkid

Þáttur Jakobínu í formlegri nýbreytni í íslenskri sagnagerð einkennist ekki síst af vendingu frá hefðbundinni sögumiðlun þar sem mikið veltur á sögumanni er gerist traustur ferðafélagi lesandans. Þess í stað fær lesandi iðulega aðgang að hugsunum persóna en einnig oft að samtölum sem eru sjálf látin opinbera samhengi sitt – fremur en þau komi líkt og talmálsfylling inn í sagnaumgjörð. Eins og oft vill verða í móðernískri sagnagerð ýtir þetta aukinni ábyrgð yfir til lesenda – ýtir undir aukna þátttöku þeirra að segja má, og það er auðvitað misjafnt hversu tilbúnir lesendur eru að verða virkari í viðtökum. Er ekki bara hægt að fá söguna, takk? En á því geta verið ýmis tormerki og þau eru raunar sum beinlínis til umræðu í fjórðu

⁴ Bækurnar tíu eru þessar, í tímaröð: *Sagan af Snæbjörtu Eldsdóttur og Ketilríði Kotungsdóttur* (ævintýri, 1959); *Kvæði* (ljóðabók, 1960); *Punktur á skökkum stað* (smásögur, 1964); *Dægurvísa. Saga úr Reykjavíkurlífinu* (skáldsaga, 1965); *Snaran* (skáldsaga, 1968); *Sjö vindur gráur* (smásögur, 1970); *Lífandi vatnið* --- (skáldsaga, 1974); *Í sama klefa* (skáldsaga, 1981); *Vegurinn upp á fjallið* (smásögur, 1990); *Í barndómi*, (sjálfsævisaga/bernskuminningar, 1994).

og síðustu skáldsögu Jakobínu, en hún nefnist *Í sama klefa* og birtist 1981. Sögumaðurinn er kona, rithöfundur sem ætlaði „að skrifa Góða Bók“, eins og lesanda er sagt strax á fyrstu síðu, og hún fékk til þess „stóran víxil hjá Ríkinu“. „Þú skrifaðir upp á víxilinn og hugsaðir þig ekki um.“⁵

Þarna er komið úr óvenjulegri átt inn í hina eilífu umræðu um listamannalaun og lesandi er ávarpaður sem einn af ábyrgðarmönnum Ríkisins – væntanlega vegna þess að reiknað er með að lesandinn sé íslenskur þjóðfélagsþegn með kosningarétt. Jafnframt kemst, strax í bókarbyrjun, los á vissar viðmiðanir. Allar sögur eiga sér *innbyggðan lesanda* sem lesendur í holdinu máta sig við, oftast ósjálfrátt, einmitt án þess að hugsa sig um – en hér kemst raunlesandi ekki hjá því að velta fyrir sér hvort hann eigi að samsama sig þeim lesanda sem beinlínis er ávarpaður. Hið sama gerist með það fyrirbrigði sem gjarnan er nefnt „söguhöfundur“ og er einhverskonar heildarafstaða höfundar eins og hún birtist *innbyggð í textann*, að teknu tilliti til veruleikamyndar, samleiks mismunandi viðhorfa, hugsanlegrar kaldhæðni og fleiri þátta – og hinn ævisögulegi höfundur hefur ekki fulla stjórn á þessu stoðvirki þótt hann hafi sett það saman. En hér háttar svo til að einnig sögumaðurinn er rithöfundur auk þess að vera virk persóna í sögunni, nánar tiltekið nafnlaus kona í ritkreppu, og nærtækt er fyrir þann sem les bókina að velta fyrir sér hver tengsl þessa rithöfundar séu við rithöfundinn Jakobínu Sigurðardóttur, sem er skráður höfundur bókarinnar og fékk hugsanlega höfundarlaun hjá „Ríkinu“ til að skrifa verk sem á vitaskuld að vera „Góð Bók“, ef hún á að ganga upp í greiðslu á þessum „víxli“.

Enn flækjast svo málin þegar í ljós kemur að skáldkonan sem segir söguna kveðst hafa lagt til hliðar drögin að hinni „Góðu Bók“ og tekið í staðinn að hripa niður minningar um ferð sem hún fór með strandskipinu Esju frá Vestfjörðum til Reykjavíkur fyrir lifandis löngu, þar sem hún deildi klefa með ókunnri konu, Salóme að nafni, sem henni fannst hún ekki ná neinu almennilegu sambandi við. En samræður þeirra – í raun einkum einræður hinnar konunnar, sprottnar af óútskýrðri tjáningarpörf

⁵ Jakobína Sigurðardóttir, *Í sama klefa*, Reykjavík: Mál og menning, 1981, bls. 5. Stórir upphafsstafrir vissra lýsingarorða og nafnorða í sögunni vísa væntanlega til einhverskonar stofnanavæðingar eða eru skopstælingar á viðleitni til að ljá orðum einræða merkingu. Um sögumiðlunina í þessari skáldsögu, og sjálfvísun verksins, hef ég fjallað í greininni „Þetta er skáldsaga. Í sama klefa eftir Jakobínu Sigurðardóttur“, *Umbrot. Bókmenntir og nútími*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999, bls. 211-222 (sú grein birtist upphaflega í *Tímariti Máls og menningar*, 1. hefti 1983).

– hafa aldrei horfið úr minni sögukonunnar og tjáningarþörfin hefur þar með flust áfram til hennar. Hún viðurkennir þó að hún muni samræðurnar vitaskuld ekki orðrétt og frásögnin verði því að vera „skáldsaga“. Þar með færast samt mælandinn, meintur höfundur sögunnar, í stöðu viðtakanda sögu sem önnur kona segir. Þegar greint er frá verkinu á þennan hátt getur það hljómað sem þarna sé brugðið á heilmikinn leik. Sá leikur er vissulega til staðar en innbyggð í þessa stuttu skáldsögu Jakobínu er fyrst og fremst býsna slungin og áleitin ígrundun um frásagnir og miðlun lífsreynslu. Hvaða frásagnir eru það sem hafa djúptækust áhrif á okkur? Hvers vegna og í hvaða samhengi?

Jakobína og sögukona hennar ögra lesandanum með því að spyrða hann saman við „Ríkið“. „Ríkið, það er ég“ eru orð sem eitt sinn voru lögð í munn frægs manns, en ætla má að flestir íslenskir lesendur (en til hverra vísa ég með því orðalagi, íslenskra ríkisborgara?) muni frekar vísa til *samfélags* og *þjóðar* þurfi þeir að skilgreina samhengi sitt. Það er hins vegar athyglisvert að þótt þessi skáldsaga byggji á kunnri íslenskri veruleikamynd – með skapandi spennu á milli afskekktar sveitar og höfuðstaðar landsins á tveimur tímaplönum, fyrst skömmu eftir síðari heimsstyrjöld og svo þremur áratugum síðar – birtast orðin „þjóð“ og „þjóðfélag“ hvergi í sögunni. Þetta getur ekki verið tilviljun, því að þjóðarhugtakið var Jakobínu mikilvægt. Konurnar tvær eru næturlangt í sama klefa og þær nota báðar ítrekað orðið „fólk“ um þá sem standa þeim næst og einu sinni segir sögukona meira að segja að þær tali sama mál, mál „fólksins okkar“ – þótt hún setji sjálf gæsalappir utan um þessi tvö orð.⁶ En lesandi verður sjálfur að ímynda sér hvort á bak við eða utan um þessa sögu sé einhver klefi sem kalla má „þjóð“. Ef sá klefi er eitthvað í líkingu við þann sem geymir konurnar tvær í skáldsögu Jakobínu, þá er hann vettvangur óræðrar deiglu sem blandin er leyndardómum, slitróttu sambandi, misskilningi og þrá – meðal annars tjáningarþörf og löngun til að skilja lífsaðstæður annarra. Í þessari vistarveru er talsvert af ósvörudum spurningum en líka misskýrum svörum við spurningum sem ekki er beinlínis varpað fram, svörum sem „lífa þá í grun og minni annarra, eins og hálfkveðin vísa eða torráðin þula höfundalaus“. Um slíkar þulur segir á öðrum stað í sögunni: „Kannski eru þær eftir konur.“⁷ Hlutskipti kvenna er sannarlega á döfinni í skáldsögunni og hún

⁶ Í *sama klefa*, bls. 55. Orðið „samfélag“ kemur aðeins einu sinni fyrir í sögunni, en þá ekki laust við kaldhæðni, þegar sögukona nefnir „allt þetta góða og fórnfúsa fólk í Samfélaginu okkar“ (bls. 79).

⁷ Í *sama klefa*, bls. 48 og 43.

vekur ennfremur ýmsar spurningar um þjóðfélagsmyndina. Hvernig verður þjóð til; myndast hún úr mengi ólíkra einstaklinga sem eru samferða, oft af hendingu? Eða verður hún til úr ólíkum hópum, smáum samfélögum innan hins „opinbera“ samfélags eða ríkis? Er hægt að tala um fjölskylduna sem dæmi um slíkt samfélag í smækkaðri mynd sem gjarnan sprettur af og byggist á sambúð eða hjónabandi? Og hjónabandið er sannarlega ein mynd „klefans“ í sögu Jakobínu – hér eins og í öðrum verkum hennar er hjónaband fjarri því að vera einhlítur dvalarstaður; sé það líftenging getur það líka verið fjötur og ekki síst tjáningarhaft.⁸ Með samræðum kvennanna tveggja og hugsunum sem þær ýta af stað innra með sögukonunni spinnur Jakobína þræði sem tengja saman líf einstaklinga, fjölskyldna, einstakra samfélagshópa (sveitasamfélagsins, menningarlífsins, borgartilverunnar), og sjálfs „Ríkisins“. Hverjir hafa höfundarstöðu í einstökum vistarverum þessa völundarhúss; hverjir eru í aðstöðu til að segja frá svo að eftir verði tekið?

Tími við eldhúsbörðið

Það fer ekki leynt að Jakobínu Sigurðardóttur lá mikið á hjarta með ritverkum sínum. Félagslegt réttlæti og jafnrétti voru henni knýjandi mál efni, sem og lifandi tengsl við landið, sjálfstæði þess og arfleifð. En hún vissi líka að arfinn þarf að gagnrýna og endurskoða, meðal annars sagnaleiðirnar og sjónarhornin. Jakobína bjó yfir mikilli frásagnartækni og nýtti sér hana af gerhygli. Þegar sá sem þetta skrifar var að endurlesa sögur hennar síðastliðið vor og sumar rakst hann á spássíuglósur frá árum sínum í framhaldsnámi í bókmenntafræði, meðan annars frásagnarfræði, þar sem nóterað hafði verið í hrifningu hversu laglega Jakobína fleygar til dæmis innra eintal inn í frásögn eða samtal. Þessi hrifing stendur enn en það væri samt einföldun og raunar villandi að segja að sögur Jakobínu einkennis gegnumsneitt af formrænni nýsköpun og róttækni. Sumar þeirra gera það vissulega, en framlag hennar fólst ekki síður í endurnýjun raunsæis í

⁸ Þetta má einnig sjá, með ólíku móti, í *Dægurvísu*, í *Lifandi vatninu* – – – og í smásögunni „Stellu“ í *Púnkti á skökkum stað*. Í endurminningabókinni *Í barndómi* verður ekki sagt að Jakobína gylli hjónaband foreldra sinna, þótt hún skrifi af djúpri væntumþykju um þau bæði. Hún lýkur raunar bókinni með því að segja frá jarðgrónum steini sem foreldrar hennar áttu á landi sínu, þar sem þau höfðu ung bundist heitum. Þessi staður er „heilög jörð“ en í fangamörkunum og hjörtunum í steininum sér Jakobína einnig „andóf gengins fólks gegn andleysi örbirgðar og strits.“ *Í barndómi*, bls. 100.

sagnalist.⁹ Þess vegna verður hér næst staldrað við sögu sem virðist um flest hefðbundin á ytra borði, það er að segja upphafssöguna í fyrsta smásagnasafni Jakobínu, *Púnktur á skökkum stað*, frá 1964. Sagan heitir „Þessi blessaða þjóð“ og hefst með orðinu *mamma*. Það væri freistandi að segja að fyrsta sagnabók Jakobínu hæfist með þessu þungvæga orði, en þá væri maður að gleyma fyrstu bók Jakobínu, ævintýri (fyrir fólk á öllum aldri) sem heitir *Sagan af Snæbjörtu Eldsdóttur og Ketilríði Kotungsdóttur*, en það hefst á orðinu *margir*.¹⁰ En „*margir*“ er reyndar orð sem á vel við fyrrnefnda smásögu sem hefst svona: „– Mamma! Mamma! Það kemur bíll, hrópar hnokkinn fjöggra ára“. Móðir hans lítur þreytulega út um gluggann. Það er aðeins einn maður í bílnum, svo ungur „að konunni finnst vafamál að hann hafi ökuréttindi.“ „– Seztu, góði, segir gaman konan, blind, við hnokkann“, á meðan móðir hans gengur til móts við gestinn.¹¹

⁹ Ef litið er í svipsýn yfir þær tuttugu og þrjár smásögur sem er að finna í smásagnasöfnunum þremur sem Jakobína birti, verður ljóst að þær einkennast af miklum fjölbreytileika. Ef gripið er niður í safninu *Sjö vindur gráar* frá 1970, bók sem kann að hafa fallið í skugga skáldsagnanna sem koma á undan og á eftir (*Snörunnar* og *Lifandi vatnsins* – – –), þá má þar finna „Mammon í gættinni“ sem er um flest hefðbundin raunsæissmásaga. Sagan „Stef úr þjóðkvæði“ minnir mann hinsvegar á að hefðin er margbreytileg; þar mæta lesanda ljóðrænir strengir tilfinningalífs sem eru um sumt skyldir prósa Sigurðar Nordals í *Fornum ástum*, sögum Huldu en einnig stöku snum fyrstu sagnasöfnum Thors Vilhjálmssonar. Í sögunni „Elías Elíasson“ sleppir Jakobína beislinu af þeirri kími sem hún annars þræðir jafnan fínlega milli annarra þátta í verkum sínum. Hér sýnir hún áþreifanlega að galgopalegur, gróteskur og jafnvel eilítið groddalegur húmor er ekki sérumdæmi karlhöfunda. Um þessa sögu fjallaði Helga Kress í erindi sínu, „... eins og hún gæti stokkið út úr orðunum“, á Jakobínuvöku sumarið 2018. Helga benti m.a. á að þessa lengstu smásögu Jakobínu megi einnig flokka sem nóvellu.

¹⁰ Jakobína Sigurðardóttir, *Sagan af Snæbjörtu Eldsdóttur og Ketilríði Kotungsdóttur*, Reykjavík: Heimskringla, 1959, bls. 5. Á vef um Jakobínu og verk hennar segir að þessi fyrsta bók Jakobínu hafi „gjarnan verið skilgreind sem ævintýri og hana er helst að finna í barnabókahillum bókasafna. Hún er samt alls engin barnasaga, heldur eins konar samsuða ævintýris, fornaldarsögu og goðsögu með beinum skírskotunum til pólitíkur og samfélags ritunartímans. Söguna má auðveldlega lesa sem táknsögu fyrir sögu Íslands, þar sem deilt er hart á erlent konungsvald en jafnvel enn harðar á hernám Breta og Bandaríkjamanna hér á landi.“ <https://jakobinasigurardottir.wordpress.com/ritverk/aevintyri/> (ábyrgðaraðili er Ásta Kristín Benediktsdóttir; sótt 15. september 2018). Sjá einnig grein Ástu Kristínar Benediktsdóttur, „Bókin sem týndist í barnaeldinni. Sagan af Snæbjörtu Eldsdóttur og Ketilríði Kotungsdóttur“, *Spássían* 4/2013, bls. 3–4.

¹¹ Jakobína Sigurðardóttir, „Þessi blessaða þjóð“, *Púnktur á skökkum stað*, Reykjavík: Heimskringla, 1964, bls. 7–28, hér bls. 7. Í eftirfarandi umfjöllun verður vísað til verksins með blaðsíðutali í svigum innan meginmáls.

Í upphafi sögunnar, í örfáum hnitmiðuðum línunum, eru þannig fjórir einstaklingar kynntir til leiks – en jafnframt fjórar kynslóðir. Og ekki að ófyrirsynju því að þessi saga, borin uppi af samtölum eins og fleiri textar Jakobínu, fjallar um tímann. Ungi pilturinn, gesturinn, spyr konuna eftir „bónða“ hennar og með því orði verður ljóst að sagan gerist í sveit. Piltinum, sem er ættaður úr sveitinni en hefur flust á vit „hraðmenningar tímans“, svo ég grípi orð úr ljóði eftir Jakobínu,¹² er boðið í mat við eldhúsbordíð. Við erum aftur komin að borði í bæ og hefst nú dásamleg veisla (þótt sjálfur kosturinn sé mjög alþýðlegur). Slíkar máltíðarsenur eru í sjálfum sér ekki sjaldgæfar í bókmenntum né heldur í kvikmyndum, en þær eru vandmeðfarnar og iðulega látnar festa í sessi (við bordíð) ákveðnar staðalmyndir. Í meistarahöndum, eins og hjá Karen Blixen og Virginíu Woolf – og Jakobínu – geta slík atriði hins vegar orðið að opinberun, hversu hversdagsleg sem hún kann að virðast.¹³ Gamla blinda konan, móðir húsmóðurinnar, kannast við afa og ömmu gestsins og vill fá að vita hvernig aðkomumaður líti út. „Ertu steinblind, gamla?“ spyr ungi maðurinn og hún segir að svo megi heita. „Er það ekki vont að vera svona?“ spyr hann þá (9). Gamla konan áttar sig ekki á talsmátanum og hváir í átt til dótturinnar sem endurorðar spurninguna fyrir hana og færist síðan í æ stærra þýðandahlutverk – verður aldursmilliliður sem reynir að tengja saman kynslóðir sem skilja hvor aðra ekki vel í þessu tilviki.

Í ljós kemur að gamla konan er sagnasjóður. Hún er nafnlaus að vísu – hún er sjálf einmitt „bara“ mamma og amma – en situr við bordíð sem einskona Hómer hinnar umtöluðu aldamótakynslóðar sem ætlaði sér eitt-hvað með Ísland, eiginlega áður en nútíminn knúði dyra að ráði – fólk sem var í blóma lífsins árið 1918 – þegar Jakobína fæddist og Ísland varð fullvalda ríki. Þetta fólk er bráðlifandi í huga sagnaþulunnar en ungi mað-

¹² Jakobína Sigurðardóttir, „Á ferð um Hornstrandir 1943“, *Kvæði*, Reykjavík: Heimskringla, 1960, bls.12–15, hér bls. 14.

¹³ Hjá Jakobínu mótast máltíðin af hinum óvænta gesti en hún virðist samt vettvangur hversdagsleikans, ólíkt til dæmis veislunum í *To the Lighthouse* eftir Woolf og *Babettes Gästebud* eftir Blixen. Eftir að ég lauk við þessa grein las ég umfjöllun Arnheiðar Sigurðardóttur um skáldskap Jakobínu þar sem hún vitnar til orða skáldsins um að aðferðir hennar við persónusköpun séu „aðferðir húsfreyju við matartilbúning. – Þær eru mjög frumstæðar.“ En það býr sitthvað undir hinni „frumstæðu“ persónusköpun Jakobínu sem og hversdagsleikanum í verku hennar, enda segir Arnheiður að þessi orð Jakobínu hafi leitt huga hennar að orðum sem Blixen leggur Babettu í munn um listamanninn sem þráir að bera sitt besta fram. Arnheiður Sigurðardóttir, „Nokkrar íhuganir varðandi skáldskap Jakobínu Sigurðardóttur“, *Tíminn – Sunnudagsblað*, 17. janúar 1971, bls. 35.

urinn kann varla nokkur deili á ættfólki sínu sem lifði fyrir svona löngu síðan – jafnvel þó að sumt þeirra sé enn á lífi. Þannig vindur sögunni fram. Jakobína lætur mann ekki heldur gleyma litlu börnunum á bænum – þau eru virkir þátttakendur. Þegar bóndi kemur loks inn og sest við borðið nær hann afbragðssambandi við unga manninn í spjalli um vélar og tækjabúnað og í framhaldinu bætist enn í tímalög sögunnar, því að bóndi vill ekki að kona sín fari kasólétt á traktorinn. Sagan fjallar meðal annars um vélvæðingu Íslands og um síðbúna komu rafmagnsins. „Þetta er ykkar tími“, segir gamla konan „við sjálfa sig“ (21). En um þessi nútímaskil hefur hún samt sitt að segja, út frá eigin reynslu: „Þessi blessaða þjóð, sem átti engar vélar og þekkti varla hjól nema af afspurn“ (24) og hún greinir frá því þegar hún fékk þrjónavél og varð svo upptekin við hana að ljóðmælin hans Stephans G., einnig nýkomin til hennar, urðu að bíða. „En enginn hlustar á gömlu konuna“ segir í sögunni (25), en þarna eru nú orðin hennar samt, komin til okkar, þó svo að karlarnir ryðjist síðan aftur inn á svið sögunnar með erindi sem teljast meira áriðandi.

Gamla konan stendur utanveltu þegar þessi einfalda en merkingarrika hversdagsveisla leysist upp og ávörpuð svarar hún „Heyrirðu stynja – storminn úti – yfir mínum – missi þunga“ og segist síðan hafa verið að „tala við hann Jónas“. „Og meir að segja þýtt“, segir dóttirin glettnislega, sem sjálf hefur verið í hlutverki þýðanda í samræðunum (27). Í smásögu Jakobínu fer gamla konan þarna með okkur yfir í „Grasaferð“ Jónasar Hallgrímssonar – sem stundum er talin fyrsta nútímasmásaga á íslensku – og þar beint inn í merkilegar samræður stúlku og stráks um skáldskap og þýðingar.¹⁴ Á söguviði Jónasar eru flutt ljóð, í þessu tilviki þýðing á ljóði eftir Adam Oehlenschläger, vögguvísa um barn og dauða, sem Jakobína flytur yfir í sína smásögu og lætur þennan kven-Hómer þylja þar sem hún er að fara að svæfa ömmubarn sitt. Þannig lýkur þessari sögu um tengsl og tengslaleysi kynslóðanna – efni sem var Jakobínu stöðugt hugstætt – og um margbreytileika tímans sem kynslóðirnar lifa hér í saman, allt frá Oehlenschläger og Jónasi Hallgrímssyni til barns í móðurkviði sem sjálft vísar til óræðrar framtíðar en veldur því að móðirin fær ekki að vinna á traktornum.¹⁵ Sú sögulega vídd, samspunnin æviskeiðinu og kynslóða-

¹⁴ Um þær samræður fjallar Helga Kress í grein sinni „Sáúð þið hana systur mína? Grasaferð Jónasar Hallgrímssonar og upphaf íslenskrar sagnagerðar“, *Skírmir*, hausthefti 1989, bls. 261–292.

¹⁵ Misskilningur og skilningsleysi í samræðum kynslóðanna á sína spaugilegu hlið í þessari sögu og birtist síðar með bráðfyndnum hætti í smásögunni „Skrifað stendur“

tengslum, er lykilþáttur í þeirri „þjóð“ sem birtist í heiti og við eldhúsborð þessarar smásögu.

Hafa mætti mörg fleiri orð um það sem þarna er á seyði og þetta gæti virst drjúgmikið efni í einni stuttri sögu en það skilar sér á knappan og samt leikandi léttan hátt í meðförum Jakobínu, eiginlega svo að undrum sætir – meðal annars vegna þeirrar snilldar í meðförum samtala sem ein-kenna sagnalist höfundarins en einnig vegna þess hversu vel hún kann listina að sviðsetja.

Sundruð þjóð

„Þessi blessaða þjóð“ – það væri freistandi að spinna út úr þeirri smásögu þráð um þjóðina eins og hún birtist í verkum Jakobínu – þjóð á tíma fullveldis sem er jafngamalt þessum rithöfundi. Þá færi maður fyrst aftur í tímenn, í ljóð hennar frá fimmta áratugnum. Þar má sjá fögnuð í ljóði sem skáldið gefur heitið „17. júní 1944“, eftir deginum sem Ísland varð sjálfstætt lýðveldi. Það hefst svo:

Loksins frjáls þú fagnar sól og degi,
frelsisdraumsins þjóð.
Berst með loftsins öldum ómsins vegi
allra klukkna ljóð.

Skáldið lætur ekki þar við sitja, því að hin „heilaga gleði“ leiðir til virðulegs ávarps: „Þakkir, feður! Þráð var sárt og lengi / þessi dýra stund.“¹⁶ Ljóst verður þó af öðrum ljóðum, sem ort eru á næstu árum, að Jakobína er ekki sátt við hvernig landsfeðurnir stýra hinni nýfrjálsu þjóðarskútu. Skáldkonan býr yfir ólgandi hugsjónum og tveimur árum síðar, í ágúst 1946, yrkir hún „Náttmál“ þar sem upphafslínur eru þessar:¹⁷

Vísirinn tifar, tíminn líður
án tafar. Hvað gerðist í dag?
Hreingerning, þvottur, verksmiðjuvinna. –
Væri það efni í brag?

í safninu *Vegurinn upp á fjallið* (1990), en sú saga er óslitið samtal á milli drengs og langafa hans um viðtalsbók sem komin er út um ævi og afrek gamla mannsins.

¹⁶ „17. júní 1944“, *Kvæði*, bls. 21–22, hér 21.

¹⁷ „Náttmál“, *Kvæði*, bls. 23–25, hér 23.

Því að skáldkonan sem tók í arf ljóðmál rómantúkurinnar og spann úr þeim þræði hugkvæmar línur, til dæmis í kunnu ljóði um vorið: vinuna sem „kemur sunnan stíginn / með sumardögg í hárinu, / léttstíg eins og ljósið / með leyndarmál í brosinu“,¹⁸ hún horfir líka til þeirra sem basla við nauman kost og hún vill sem óðast leggja sitt af mörkum við að skapa betri heim í nýju lýðveldi að loknu svartnætti heimsstyrjaldar. Í „Náttmálum“ spyr hún: „Sérðu ekki herrétti heimsins / og hatursins náglottið bleikt?“ Og í fleiri ljóðum frá þessum árum má finna í senn hugsjónaákall og vonbrigði: „Var til einskis fyrir frelsi barizt?“ spyr hún um „okkar þjóð sem átti þetta land.“¹⁹ Erlend herseta að stríði loknu, í landi fámennrar þjóðar, var sem djúpt sár í vitund Jakobínu líkt og margra annarra. Hersetan átti ríkan þátt í þeirri sundrun þjóðarinnar sem setti meginsvip á íslensk stjórnsmál um áratugaskeið. Og skáldið gerir sér vitaskuld grein fyrir því að hernaðarlegir hagsmunir eru samofnir hinum efnahagslegu. Í ljóðinu „Fyrsti desember“, sem vísar þar með til áunnins fullveldis 1918, er sá hátíðisdagur ávarpaður með bitandi kaldhæðni, eins og sjá má þegar í upphafslínunum: „Lyk augum dagur! Sæl á silki og dún / hér sefur þjóð við gullsins vöggulag.“²⁰

Á þeim tíma er Jakobína yrkir þessi ljóð sín þótti eðlilegt að tengja þjóðerni við ætterni. „Sama blóð í æðum okkar rennur“, segir í ljóðinu „Ísland frjálst“. Ekki skal neitt fullyrt um það hvað Jakobínu hefði fundist um fjölmenningsarsamfélagið sem tekið er að mótast á Íslandi á nýrri öld, þar sem „þjóðin“, þetta „ímyndaða samfélag“ eins og það er stundum kallað í fræðunum, hlýtur að taka utan um fjölda fólks af erlendum uppruna.²¹ Víst er að Jakobína hefði lagt mikla áherslu á trúnað við landið og

¹⁸ „Vorljóð á Ýli“, *Kvæði*, bls. 111–112, hér 111.

¹⁹ „Ísland frjálst (1948)“, *Kvæði*, bls. 28–29.

²⁰ „Fyrsti desember“, *Kvæði*, bls. 82–83, hér 82.

²¹ Með „ímynduðu samfélagi“ er vísað til þjóðarumræðu í bók eftir Benedict Anderson, *Imagined Communities. Reflections on the Origin and Spread of Nationalism*, endurskoðuð útgáfa, London og New York: Verso, 1991 (upprunaleg útg. 1983). Hér rekumst við á þann vanda í íslenskum orðabúskap að orðið „samfélag“ getur verið nánast samheiti „þjóðfélags“ en „samfélag“ er einnig notað um smærri einingar, t.d. háskóla, bæjarfélög eða jafnvel ýmsa félagsmálaláhópa. Þar er orðið merkningarlega í nágrenni enska orðsins „community“. Þegar Anderson notar „imagined community“ um hugmyndafræðilegan skilning á „þjóð“ er hann meðal annars að vísa til þess hvernig einkenni sem þykja skapa samheldni í einstökum félagsseiningum verða ímyndaðir þættir í skilningi okkar á þjóð og þjóðerni, oft fyrir tilstilli fjölmiðla á hinum einstöku tungumálum (sem gjarnan eru nefndar „þjóðtungur“). Þegar fólk er hvatt til að standa þétt saman í nafni „þjóðarinnar“ virðist oft búa mikil söguleg dýpt í hvatningunni, en á hinn bóginn hefur verið bent á að ýmsir grunnþættir í þjóðarskilningi okkar tíma séu af fremur nýlegum toga. Sjá um

tungumálið – en að því gefnu hefði hún sennilega tekið fjölbreytileikanum vel. Í skáldsögunni *Snörunni*, sem Jakobína sendi frá sér árið 1968, birtist okkur, í samfelldu eintali íslensks verkamanns sem virðist vera að tala við samstarfsmann sinn, mynd af landi og þjóð sem er komin í klær eða snöru stórs alþjóðafyrirtækis. Athyglisvert er að þar verður þessi sami mælandi, starfsmaður hins útlenda fyrirtækis, jafnframt talandi dæmi um útlendingahatur, sem sagan snýst hinsvegar algerlega gegn.

Þarna erum við komin að sögu sem einkennist sannarlega af frásagnarlegri nýbreytni. Jafnvel þeim lesendum sem þekkja *Snöruna* vel fyrir, getur hún komið á óvart – endurlesturinn hefur löngum þótt vænn prófsteinn á vægi bókmennta. Það er mögnuð tilfinning en einnig svolítið óhugnanleg að láta snarast af þessu verki, þar sem við heyrum eða lesum eingöngu eina rödd, tjáningu manns sem er sjálfur með tilvistarlega snöru um hálsinn án þess að gangast við því. Sú afneitun hans, sem kannski er þjóðleg á sinn hátt, kemur fram í sjálfsafhjúpun – í tali hans greinir lesandi óm af öðrum „röddum“ eða viðhorfum sem hann snýst gegn eða gerir lítið úr, en samtímis molnar þó veruleikamynd hans, mótuð af sérgæsku, tækifærismennsku og óheilindum, undan honum. Hann er einskonar mannleg sjálfseyðingarvél. Hann þykist vera talsmaður lýðræðislegra gilda en ber jöfnum höndum í bætifláka fyrir það niðurbrot lýðræðis sem á sér stað í samfélagi hans. Og það er vægast sagt kaldhæðið að maðurinn skuli starfa sem sópari – hlutverk hans og samstarfsmannsins er að koma rusli undan og halda vinnustaðnum hreinum. Samt líkt og rennur lesandi tilneyddur í stöðu samstarfsmannsins. Sá náungi kemur að vísu með ákveðnar athugasemdir og spurningar, andæfir jafnvel stöku sinnum og bendir á mótsagnir í málflutningi þess sem orðið hefur í sögunni, eins og greina má af viðbrögðum í tali hans. En sagan hnígur samt að útpurrkun þessa mismunar og í sögulok, þegar mælandanum er orðið ljóst að fyrirtækið hefur náð óskeikulu tangarhaldi á honum, dregur hann viðmælandann með sér. Báðir hafa þeir gerst sekir um þjófnad í vinnunni og sitja nú í sömu snörunni.

En „ópægindi“ lesandans skýrast þó ekki að öllu leyti af því að hann þurfi að vera í stöðu samstarfsmannsins – eða hugsanlega í stöðu einhvers þriðja aðila, þess heyranda sem oft er í holti nær, í þessu tilviki einna líkast

íslenskar aðstæður Guðmund Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið. Uppruni og endimörk*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkurAkademían, 2001.

Því sem hann hleri orð manns sem talar við annan í síma.²² Ágengni formsins í *Snörunni* mótast einnig af því hversu stutt getur verið á milli hugsunar og tals – og í rituðu eintali eða einræðu getur þessi munur horfið, líkt og gerist með sínum hætti hjá þeim sem eiga það til að tuldra eitthvað fyrir munni sér í einrúmi. Jakobína lagði sig sem fyrir segir mjög eftir bæði samtalinu og miðlun hugsunar í sagnaverkum sínum – og oftast en einu sinni er þar vikið að hugsun sem „tali“ inn á við. Í einni smásögunni í bókinni *Vegurinn upp á fjallið* segir um þrjár persónur að þær „mæli inn í hug sinn“ eða „tali inn í hug sinn“.²³ Iðulega orkar textinn í *Snörunni* á lesanda – að minnsta kosti þann sem hér skrifar – eins og „inntal“ sóparans, einæðistal manns sem er fyrst og fremst að mæla inn í hug sinn. Öðrum þræði er því sem lesandi fái aðgang að innbyggðu samtali manns sem er að vissu marki klofinn og togast á milli sannfæringar og spurninga eða vangaveltna, en reynir sem ákafast að útrýma eigin vífilengjum. Þar með sogast lesandinn inn í hugsun sem læst vera í uppreisn gegn eigin undirlægjuhætti en bregður sér jafnharðan í stöðu fórnarlamb. Það skiptir máli í þessu samhengi að *Snaran* er dystópísk framtíðarsaga um alþjóðafyrirtæki sem ber heitið *Hringurinn* og hefur komist í yfirburðastöðu í samfélaginu, einnig gagnvart ríkisvaldinu. Þessi „hringur“ er eitt af mörgum formum „snörunnar“ í sögunni og ef marka má viðbrögð sóparans óttast hann mjög sjónmál yfirmanna fyrirtækisins, og eftirlitið reynist þó öflugra en hann óraði fyrir og með því læsir fyrirtækið að lokum tryggilega klóm um hann.²⁴

Er sóparinn þá undirsáti sem ástæða er til að finna til vorkunnar með, í ljósi þess að við algert ofurefli er að etja? Á móti slíkum viðbrögðum vinnur margt í miðlun sögunnar en lesandi deilir eftir sem áður þröngu rými með sóparanum og rétt er að geta þess að í réttlætingu og varnarháttum hans, svo fullir af óheilindum sem þeir eru, leynast ýmis lúmsk tengsl við

²² Á þetta bendir Dagný Kristjánsdóttir í „Árunum eftir seinna stríð“ í *Íslenskri bókmenntasögu*, IV, ritstj. Guðmundur Andri Thorsson, Reykjavík: Mál og menning, 2006, bls. 633. Ásta Kristín Benediksdóttir hefur í grein fjallað um einkenni hins dramatíska eintals í *Snörunni* og rakið viðbrögð við sögunni og þessu megineinkenni hennar: „Dramatískt eintal í verksmiðju. Um Snöruna eftir Jakobínu Sigurðardóttur“, *Andvari*, 2011, bls. 89–101.

²³ Jakobína Sigurðardóttir: „Hvísl í grasi gróinnar slóðar –“, *Vegurinn upp á fjallið*, Reykjavík: Mál og menning, 1990, bls. 21–22 og 25.

²⁴ Það er athyglisvert að *Snaran* er að þessu leyti líkt og forboði skáldsögu sem kom út löngu seinna (2013) og heitir einmitt *Hringurinn*, þ.e. *The Circle* á frummálinu. Hún er eftir bandaríska höfundinn Dave Eggers og fjallar um örlög starfsfólks upplýsingatæknifyrirtækisins Hringingsins sem hefur það að markmiði að skapa algert gagnsæi í samskiptum, einskonar „alsæi“, með vef- og sjónrænni tækni.

kunnuglegar skynsemishugmyndir og áherslu á bjargræði – maður hljóti fyrst og fremst að þurfa að bjarga sjálfum sér og kannski líka sínum allra nánustu, hvað sem öðrum líði. En hvað merkir þetta þegar horft er yfir heilt samfélag? Í vissum skilningi býr samfélagið í vitund hvers og eins, til hliðar og saman við einrúmið sem stundum vill rífa sig laust og marka fyrst og fremst sinn eigin hring. Það hefur stundum verið bent á að í aðdraganda kosninga á Íslandi tali fulltrúar allra flokka sem félagshyggjufólk – hvað sem framhaldinu líður, þar sem staða hinna „einstöku“ hafnar síðan gjarnan í fyrirrúmi. Lokaorðin í *Snörunni* eru, í róttækri tvöfeldni sinni, líklega ein beittustu og kaldhæðnustu orð í íslenskum bókmenntum: „Við stöndum saman, við stöndum sko saman – eins og einn maður.“²⁵

Vegir í verkum

Margt gott hefur verið skrifað um *Snöruna* en enn er þar margt sem skyggna þarf og það sama á við, og raunar enn frekar, um skáldsöguna *Lifandi vatnið* – – – frá 1974. Greinarhöfundi finnst við endurkynni að það verk hafi hann sennilega lesið og skilið um of út frá andstæðum sveitalífs og borgarinnar þar sem firringin bíður oft við næsta horn. Það orsakast meðal annars af því hvernig þær andstæður eru byggðar inn í aðalpersónuna, Pétur Pétursson, sem einn daginn hverfur úr borgarveruleika sínum og fer einsamall í ferðalag til upprunans. En eins og segir á lokasíðu: „Ég get ekki horfið aftur til upphafs míns, annar var þar.“²⁶ Hér er verkamaður á ferð, eins og í *Snörunni*, en margröddun verksins er hins vegar umfangsmeiri og flóknari, eins og Ásta Kristín Benediktsdóttir hefur greint í prýðilegri ritgerð.²⁷ Og við þurfum meðal annars að hlusta á margröddunina í heiti verksins. Með orðunum „lifandi vatnið“ er höfundur ekki eingöngu að benda á náttúruna og sveitina heldur á lifandi samband. Söguhetjan, horfni eða týndi maðurinn, hefur lent í snöru sinna eigin hugsjóna og hjálparlaus fær hann að reyna hugsjónafall. Hann hefur séð íslenskar aðstæður vænkast, samfélagið rísa úr fátækt en jafnframt er það tekið til handargagns,

²⁵ Jakobína Sigurðardóttir, *Snaran*, Reykjavík: Heimskringla, 1968, bls. 120.

²⁶ *Lifandi vatnið* – – –, Hafnarfjörður: Skuggsjá, 1974, bls. 203. Í eftirfarandi umfjöllun verður vísað til verksins með blaðsíðutali í svigum innan meginmáls.

²⁷ Ásta Kristín Benediktsdóttir, „Form og stíll örðugt viðfangs.“ Fjölradda frásagnir og Lifandi vatnið – – – eftir Jakobínu Sigurðardóttur“, *Ritið* 1/2012, bls. 141–159. Sjá einnig grein eftir Turið Sigurðardóttur: „Lýst er eftir Pétri Péturssyni verkamanni. Nokkrar athuganir á samfélagslýsingu skáldsögunnar *Lifandi vatnið* eftir Jakobínu Sigurðardóttur“, *Timarit Máls og menningar* 2/1977, bls. 154–181.

samtímis því sem það hrífst með í alþjóðlegum flaumi. Hið nýja Ísland hefur ekki bylst til betri vegar að loknum ósköpum síðari heimsstyrjaldar; það varð meira fyrirtæki og minna samfélag en vonir stóðu til. Pétur hefur samsagt orðið innlyksa í eigin væntingum og veruleikahugmyndum – sem eru orðaðar á allt að því hátíðlegan hátt: „Svo að vinna manns fái öruggt, óhagganlegt gildi, sameini föðurland, þjóð, tungu og manngildi í trú á hugsjón og sigur mannsins yfir rándýrinu [...]“ (166). En þannig hefur líka lokast fyrir lifandi samband hans við nánustu lífsförunauta, hvað þá aðra sem eru með honum í *sama klefna*, svo ég noti mér heiti áður umræddrar skáldsögu sem fjallar einmitt um erfitt en mikilvægt samtal fólks sem á meira sameiginlegt en það gerir sér grein fyrir.

Lifandi vatnið – – – er ein af lykilskáldsögum íslensks móðernisma, margflókið verk þar sem reynt er að taka utan um sundraðan heim, raða saman lífi með brotum úr persónusögu, íslensku umhverfi og veraldarsögu á miklum sviptingatímum. Skáldsagan er meðal annars könnun á því hvernig viðkvæm lund mótast, drekkur í sig gildi og tekur á sig mynd sem síðan fjarar undan á nýju veraldarsviði. „Maður er ungur, en það er eyða í lífi hans, innst inni er einhver nagandi eyða hvort sem maður vinnur á sjó eða landi: hungur, þorsti, ótti við eitthvað, hann veit ekki hvað. Kannski tilgangsleysið“ (163). Þessi eyða og óvissa birtist í þankastrikinu sem er þrítekið í heiti skáldsögunnar og sem jafnframt setur mikinn svip á texta verksins sem er í senn flæðandi og margrofinn. Margar raddir tala inn í líf Péturs, en hann á erfitt með að finna lífi sínu stöðugan reit: „Ég byggi hús mitt fyrir mig og ég bý þar einn“ (202). Þetta hús er rótlaus tilvist hans. „Ég er snigillinn með húsið mitt á bakinu“ (199). Það myndmál túlkar einsemd hans og einrúm, en ekki þá ferð og að því er virðist vonlausu leit að uppruninum sem hann heldur í. Hann er „týndur maður“, eins og ítrekað kemur fram, en vegurinn sem hann fer er ekki merkingarlaus. Vegirnir í verkum Jakobínu tengjast hinu strjálbýla landi sem heild og sú heild má ekki glatast; leiðin liggur allt frá hinum „vegalausum öræfum“ sem hún yrkir um í ljóðinu „Á ferð um Hornstrandir 1943“ til borgarstrætanna í *Dægurvísu*. Leiðin getur legið um sjávarslóð milli landshluta eins og í skáldsögunni *Í sama klefna* eða þjóðvegi sem bera áætlunarbílinn í *Lifandi vatninu* – – –. „Þjóðvegur“ er óhjákvæmilega hlaðið orð í samhengi þessarar greinar og sá vegur liggur ekki aðeins til sveita, heldur út í náttúruna og þjónar tilfinningatengslum mannsins við hana.

Pétur Pétursson hafði alist upp með fjöll í augsyn:

Lítill maður skilur að guð varð að skapa fjöllin eins og þau eru, með snarbröttum hömrum og hengiflugum efst og hvössum brúnum. [...] Í ljósi og skuggum allra árstíða horfir lítill maður hugfanginn á mikilleik og staðfestu fjallanna, hvort sem beljandi leysingarlækirnir drynja í hverju gili á vorin, syngjandi glaðan söng nýrra, grænkandi daga, eða rósöm tign sumardagsins stafar kyrrlæti og öryggi frá brúnum, hömrum, hlíðum og urðum, eða þögn haustdagsins grúfir í dökku skýi niður um miðjar brúnir, en þó eru þau honum hvað hjartfólgnust í vetrarbúningnum, hvít og svört, með hvelfdar fanndyngjur og snarbrattar, íhvolfar hengjur í efstu brúnum. (95)

Það ætti ekki að vekja furðu að í huga höfundar sem óx úr grasi á Hornströndum skuli fjöllin vera teikn um sáttmála mannsins við mikilleik, dulmagn og váboða náttúrunnar. Brot á þeim sáttmála birtist síðar í sömu skáldsögu þegar erlendir hermenn reisa „hervirki á fjallstindi úti við fjarðarmynnið“ (162). Í afstöðunni til *vegarins upp á fjallið* falla saman náttúruhugsun og samfélagssýn Jakobínu. Þessi vegur birtist einnig í *Snörunni*, þegar sóparinn segir frá því að herliðið hafi sett upp „einhverja varðstöð þarna á fjallinu. Og vegurinn lá um túnið hjá pabba, svo hann fékk heilmiklar skaðabætur.“²⁸ Og enn hnykkir Jakobína á þessu nýja landnámi, þessari falltöku, í sögu sem beinlínis heitir „Vegurinn upp á fjallið“ og birtist í smásagnasafni sem ber sama heiti. Sonur kemur heim til móður á sveitabæ – ekki af því að hann hafi áhuga á búskapnum eða á fólkinu sínu, heldur ætlar hann að græða á vegarlagningu upp á fjall sem heyrir undir bæ móður hans – hluti fjallsins verður tekinn eignarnámi undir radarstöð hersins ef ekki semst.²⁹ Þetta er í senn mótíf og sögulegur veruleiki, sem líklegt er að Jakobína sæki til þess er bandaríska herliðið á Íslandi fékk að byggja herstöð á Straumnesfjalli á Hornströndum árið 1953, skömmu eftir að byggð á því svæði lagðist í eyði, en það var þó ekki eina fjallið sem lagt var undir slík mannvirki. Ljóst er að Jakobínu hefur sviðið það mjög að erlendu herliði skyldi ekki aðeins vera leyft að dvelja á Íslandi eftir lok heimsstyrjaldarinnar heldur hafi það fengið leyfi til að ryðja sér leið upp á reginfjöll, líkt og það gæti borið ægishjálms í senn yfir mannfólk og náttúru landsins.

²⁸ *Snaran*, bls. 24.

²⁹ „Vegurinn upp á fjallið“, *Vegurinn upp á fjallið*, Reykjavík: Mál og menning, 1990, bls. 29-50, hér bls. 42-44.

Húsasmíðar

Híbýlum hersins uppi á fjöllum hirðir Jakobína Sigurðardóttir ekki um að lýsa, en meðal margra gersema sem hún skapaði og skildi eftir handa okkur eru raunar tvö hús. Hér er ekki vísað til húsakynna hennar og Þorgríms Starra í Garði í Mývatnssveit. Og ekki er heldur átt við það hvernig mörg góð skáldverk eru líkt og hús með ýmsum vistarverum, eins og einnig má segja um lífshúsið sem Pétur Pétursson ber á bakinu; rétt eins og ljóð eru hús sem hreyfast, eins og Kristján Karlsson komst að orði.³⁰ Hér er átt við hús sem byggð eru með orðavefnaði, lýsingum, hreyfingum og samskiptum persóna, mótun rýmis og vistarvera sem einnig raðast upp í huga lesandans – hús sem verður fyrir vikið að minnsta kosti ígildi mikilvægrar persónu í ritverki. Það sama getur reyndar átt við um aðra staði sem höfundar smíða með ritlist sinni og rýmisbundinni mannlífssköpun og móta þar með einnig skynjun lesandans. En hér er um að ræða hús, örlagahús sem viss hefð er fyrir í bókmenntum og Jakobína smíðar á sinn hátt, með tvennu sniði þó. Fyrst í skáldsögunni *Dægurvísu*, þar sem segja má að hún taki vissa áhættu með persónugervingu hússins sem hýsir í senn persónurnar og söguna sjálfa og verður um leið ákveðið ígildi borgarinnar, Reykjavíkur. En þessi lífgerving hússins virkar; húsið verður sem náttúruheimur sögunnar – því náttúran býr líka í borginni – en er jafnframt í senn virki, fangelsi og staður tengsla. Nokkur hópur fólks býr í húsinu, á ólíkum forsendum, og þótt sagan sé bundin við þennan afmarkaða stað og gerist öll á einu vordægri, þá finnur lesandi þar ýmsa merkingarþræði íslensks þjóðlífs á umbrotaskeiði. Einstakar vistarverur hússins eru á sinn hátt „klefar“ líkt og þeir sem til umræðu voru fyrr í þessari grein; klefar einsemdar og angistar, jafnvel nauðungar, en einnig afdrep vona og ástar. Vegir mannlífsins liggja á milli þessara íbúa og borgarinnar úti fyrir, en einnig út á land, til sveita, sem og suður á „Völl“ (semsé athafnasvæði bandaríska herliðsins) og raunar til Bandaríkjanna, fyrirheitna landsins. Sími, útvarp, strætisvagn og hin nýja lúxusvara, einkabíllinn, sjá einnig um þessi tengsl og þannig verður húsið púlserandi merkingarmiðstöð skáldsögunnar.

En skilaboðin er ekki alltaf einhlít – og enn er freistandi að nota hugtakið margröddun í því sambandi. Sagan dregur fram hvernig sjálfsmýndir einstakra persóna, karla jafnt sem kvenna, verða fyrir hnjaski og stundum áföllum. Svava, sú kona sem hefur sterkasta samfélagsstöðu í húsinu en

³⁰ Kristján Karlsson, *Hús sem breyfast. Sjö ljóðskáld*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1986.

hefur orðið hált á svellinu þennan dag, hugsar ráð sitt í kvöldsvalanum. „Útvarpið er opið. Karlmaður flytur heimspekilegt erindi um torskilin rök fyrir tilvist sálarinnar í hinu undarlega efnisþokufyrirbæri, sem nefnist maður.“ Svövu finnst notalegt að hafa þessa rödd úr útvarpinu sem einskona hljómbotn og segja má að heimspekingurinn sé einn af gestum hússins þennan dag og leggi til línu í „dægurvísu“ þess. Á einhverjum tímamarki nær hann að rjúfa þankagang Svövu, því hún hugsar: „– Hvað skyldi það vera þetta sjálf, sem maðurinn er alltaf að staglast á? Að honum skuli ekki leiðast þetta.“³¹ Í fljótu bragði mætti ætla að þessi viðbrögð opinberi grunnhyggni Svövu, sem virðist mjög upptekin af lífsþægindum þótt hún sé einnig með hugann við gamlan kærasta, sem gæti kollsteypt hennar borgaralega lífi og hjónabandi. Eða hefur höfundurinn beitt þessum eilítið spaugilegu viðbrögðum hennar við heimspekierindinu, til að vekja spurningar lesandans um *hvaðan* flestar hugmyndir um „sjálfið“ hafi komið í gegnum tíðina. Svárið getur ekki orðið annað en: Úr því undarlega efnisþokufyrirbæri sem nefnist karlmaður. Þetta dæmi er ekki svo léttvægt framlag í alla þá samskiptasyrpu kynjanna sem á sér stað í þessu húsi og þessari hópsögu.³²

Hitt húsið hennar Jakobínu er endurbygging en þó á sinn hátt einnig nýsmíði og var raunar til umfjöllunar við upphaf þessarar greinar. Í síðustu bók Jakobínu, *Í barndómi*, sem hún náði að ljúka við en kom út að henni látinni, fjallar hún um tilraun sína til að heimsækja æskuheimilið í Hælavík – *eins og það var*. Hún hefur borið þetta heimili, sem nú er fallið í rúst, innra með sér alla ævi, en ekki skal nú unað lengur við þær marg-

³¹ *Dægurvísa. Saga úr Reykjavíkurlífinu*, Hafnarfjörður: Skuggsjá, 1965, bls. 139–140.

³² Um *Dægurvísu* sem borgarverk fjalla ég stuttlega í greininni „Hlið við hlið. Tapað-fundið í framandi borgum“, *Ritið* 2/2018, bls. 17–49, sjá bls. 32–33. Áhugavert er að bera húsið í *Dægurvísu* saman við ólík hús (með lokaðra einkarými) í öðrum borgarskáldsögum, til dæmis í *Leigjandanum* eftir Svövu Jakobsdóttur og í *Hringsóli* Alfrúnar Gunnlaugsdóttur. Um þau hús hef ég fjallað í greinunum „Að eiga sér stað. Tómarúm, staður og steinn í sögum Svövu Jakobsdóttur“ í tímaritinu *Andvara* 2001 og „Hvirfill. Tilraun um Hringsól“ í bókinni *Rúnir. Greinasafn um skáldskap og fræðastörf Alfrúnar Gunnlaugsdóttur*, ritstj. Guðni Elísson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2010. Í *Hringsóli* býr aðalpersónan, sem er kona, drjúgan hluta ævinnar í húsi sem mótar örlög hennar en hún myndar þó aldrei lifandi tengsl við þessa vistarveru. *Leigjandinn* snýst ekki síst um leit konu að vistarveru, *samastað í tilverunni* – svo vísað sé til samnefndrar bókar eftir Málfríði Einarsdóttur þar sem fjallað er með öðrum hætti um skyldar aðstæður; um *tilvistarrými*, hvort sem það efnisgerist beinlínis í húsnæði eða ekki.

víslegu minningar, heldur vill hún glöggva sig á öllum húsakynnum. Hún kemur að útidyrnum. „En þá – þá rataði ég ekki lengra.“³³ Hún áttar sig á því að hún mun aldrei finna alla þá hluti, króka og kima sem áður voru svo merkingarríkir, hún ratar ekki einu sinni um allt eldhúsið hennar mömmu. En smám saman, á heillandi hátt, endurskapar hún þetta rými bernskunnar fyrir lesandi augum okkar – og einnig þessi saga fjallar um tímenn. Við sjáum rangalann svokallaða sem var „byggður yfir bæjarlækin svo hægt væri að ná í vatn innanbæjar þegar snjór og ís lokuðu lækin úti [...]“ (20). Þarna er semsé lifandi vatnið – innanhúss. Rangalinn, vatnið, húsið – þetta er einhverskonar flæðandi tímarými. Annar en ólíkur farvegur liggur um stigann upp á dyraloftið. Hann er þröngur. „Svo þröngur, að ef maður reynir að stíga framhjá djúpu fótaförunum í miðjum stiga-höftunum renna fætur manns samt niður í fótaförin. Þau eru djúp. Eins og allir sem hafa fetað þennan stiga hafi gengið í sömu spor“ (47). Um endurfundi Jakobínu við móður sína í húsinu mætti margt segja og sumt snertir viðkvæma strengi. Á einum stað verður sögukonu orða vant og skilur eftir handa lesandanum þankastrikið sem víða má sjá í sögum hennar, oftast í *Lifandi vatninu* – –, en fær hér alveg sérstaka áherslu: „Mamma –“ (77). Hugnæm eru einnig þau sterku skapgerðartengsl við föður sinn sem hún vitnar um. Og af því að hún er að byggja bernskuhúsið sitt er við hæfi að hún fari til fundar við bóndann og smiðinn föður sinn, í smíðaskúrnum hans. Hún virðir fyrir sér rennibekkin, heflana, lóðhamarinn, steðjann, og skrufstykkið sem henni stendur nokkur beigur af, en hún á ljúfar minningar um hallamálið. „Síkvikur og lifandi er þessi dropi í glerinu, alltaf að reyna að komast út. Kemst aldrei út. Kannski leiðist honum stundum, en varla mikið, því hann á heima í glerinu“ (41). Ég sé listasmiðinn Jakobínu fyrir mér þar sem hún handleikur hallamálið – og hún er líka dropinn í glerinu.

ÚTDRÁTTUR

Jakobínuvegir

Tími, þjóð og dvalarstaðir í verkum Jakobínu Sigurðardóttur

Í greininni er litið yfir höfundarverk Jakobínu Sigurðardóttur á aldarafmæli hennar og rýnt í ýmsa þætti í skáldsögum hennar, smásögum, ljóðum og æskuminningum. Hugað er að því hvernig höfundurinn sviðsetur tímann í textum sínum – tímann í

³³ *Í barndómi*, bls. 5. Í eftirfarandi umfjöllun verður vísað til verksins með blaðsíðutali í svigum innan meginmáls.

æviskeiðinu og í samskiptum kynslóða, og tímann í lífi þjóðar sem skipti að miklu leyti um vistarverur á 20. öld, jafnframt því sem hún öðlaðist fullveldi og sjálfstæði. *Frásögn* er lykilatriði í meðferð tímans og sögulegra umskipta, og fjallað er um það hvernig Jakobína endurnýjar raunsæishefðir en grípur einnig til róttækari frásagnarnýjunga sem draga lesandann með virkum hætti inn í samræður um tengsl og tengslaleysi kynja og kynslóða, um jafnrétti og réttlæti, og um þær ferðaleiðir og aðstæður sem tengja saman og móta dvalarstaði – bæði einstök hús og þjóðarheimilið.

Lykilorð: Höfundarverk Jakobínu Sigurðardóttur, þjóð, tími, vistarverur, frásagnarform

ABSTRACT

Jakobína's Ways

Time, Nation, and Dwelling Places in the Works of Jakobína Sigurðardóttir

This article surveys the oeuvre of the Icelandic writer Jakobína Sigurðardóttir (1918-1994) on the occasion of her centenary. Various aspects of her novels, short stories, poetry and memoirs are examined, including the ways in which she presents time in her texts – time as it pertains to individual life spans and the interaction of different generations, as well as time in the life of a nation which could be said to have switched abodes in the course of the 20th Century, moving from rural to urban settings, and during this time the island nation attained sovereignty and independence. Narrative is a key element in treating time and historical shifts, and attention is paid to the ways in which Sigurðardóttir both renews realist traditions and resorts to more radical narrative forms, pulling the reader into an active dialogue on gender and generational issues, on social justice and equality, as well on the routes and conditions which connect and mould places of dwelling – individual houses as well as the abode of the nation.

Keywords: Jakobína Sigurðardóttir's oeuvre, centenary retrospective, nation, time, places of abode, narrative form

ÁSTRÁÐUR EYSTEINSSON

Prófessor í almennri bókmenntafræði

Íslensku- og menningardeild

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

Sæmundargötu 2

IS-101 Reykjavík, Ísland

astra@hi.is